

68

9. marz

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20—500 krónum, og renna sektirnar í hreppssjóð Eskifjarðarhrepps. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

69

14. marz

REGLUGERÐ

um róðrartíma fiskibáta.

1. gr.

Bátar, sem til fiskjar sækja frá Reykjavík og Hafnarfirði og leggja lóðir sínar í norðanverðan Faxaflóa, skulu leggja út á miðin á þeim tíma og frá stað þeim, sem ákveðinn er í 2. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Brotfararstaður báta úr Reykjavík skal vera baujan á Akureyjarri og báta úr Hafnarfirði baujan á Valhúsgrunni.

3. gr.

Brotfararstaður báta úr Reykjavík skal vera sem hér segir:

Í janúarmánuði	kl. 23.50	isl. meðaltími.
Frá 1. febrúar til 14. febrúar	— 22.50	— —
— 15. febrúar til 15. marz	— 21.50	— —
— 16.—31. marz	— 20.50	— —
— 1.—15. apríl	— 19.50	— —
— 16.—30. apríl	— 18.50	— —
— 1.—15. maí	— 17.50	— —

Brotfarartími báta úr Hafnarfirði skal vera sem hér segir:

Í janúarmánuði	kl. 23.32	isl. meðaltími.
Frá 1. febrúar til 14. febrúar	— 22.32	— —
— 15. febrúar til 15. marz	— 21.32	— —
— 16.—31. marz	— 20.32	— —
— 1.—15. apríl	— 19.32	— —
— 16.—30. apríl	— 18.32	— —
— 1.—16. maí	— 17.32	— —

Að því er varðar báta frá Reykjavík skal þeim gefið brottfararmerki (ljósmerki) frá Gróttu. Formenn þeir, sem kjörnir eru til eftirlits í Hafnarfirði skulu gefa brottfararmerki við brottfararstað þann, sem ákveðinn er í 2. gr. fyrir báta úr Hafnarfirði.

Ljósmerkin skulu vera svo greinileg, að þau sjáist frá öllum þeim bátum, sem komnir eru á brottfararstað. Er bátum óheimilt að leggja frá brottfararstað, fyrir en ljósmerki hefur verið gefið.

4. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná ekki til útilegubáta.

69

14. marz

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00—5000.00. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi er selt samkvæmt lögum um róðrartíma fiskibáta frá 12. janúar 1945 til að öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. marz 1945.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Járngerðarstaðahverfi í Grindavík.

70

14. marz

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hafnarsvæðið er öll Járngerðarstaðavík með öllum vikum og vogum, ásamt Hópinu. Takmarkast það af Hópsnesi að austan og hugsaðri línu gegnum bæina Krosshús og Hlið að vestan.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála, en þrír menn, kosnir af hverri nýkjörinni hreppsnefnd á fyrsta fundi hennar, til 4 ára í senn, hafi á hendi framkvæmd þeirra. Hreppsnefndin kýs formann nefndarinnar, en nefndarmenn kjósa hafnarvörð.

3. gr.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á mannvirkjum hennar, annast fjárhald hennar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar. Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast ásamt honum.

III. KAFLI

Um hafnarsjóð.

4. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist hafnarsjóður. Renna í hann allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í reglugerð þessari. Hafnarsjóði skal eingöngu varið í þarfir hafnarinnar, til greiðslu á nauðsynlegum mannvirkjum, viðhaldi þeirra og